

Ed. 475. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974 og nr. 13/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, lög nr. 62/1974 og lög nr. 13/1975, skulu vera sem hér segir eftirgreind tímabil:

Tímabil:	1. janúar 1976.	Frá
	til	1. júlí 1976
	30. júní 1976	Kr.
	Kr.	Kr.
1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):		
Einstaklingar	46 380	120 000
Hjón	83 460	168 000

2. gr.

Í stað 2. ml. 78. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, komi nýr málslíður:

Heimilt skal, að fjárhæðir samkv. 1. mgr. 19. gr. taki sömu hlutfallsbreytingum og kveðið er á um í 1. ml. þessara greinar um upphæðir bóta og greiðslur skv. 73. gr.

3. gr.

1. gr. þessara laga öðlast þegar gildi; 2. gr. taki gildi 1. júlí 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðilar þeir, sem standa að hinum almennu lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna og nokkrum öðrum lífeyrissjóðum, hafa gert með sér samkomulag þess efnis, að greiðslum samkvæmt lögum nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum verði verðtryggðar á þann hátt, að í stað 5 ára meðaltals launa verði greiðsluár hvert miðaðar við grundvallarlaun í byrjun ársins. Ætlunin er, að samkomulag þetta komi til framkvæmda á árinu 1976 og að lífeyrissjóðirnir, sem aðild eiga að samkomulaginu, greiði allan kostnað af þessum auknu eftirlaunum. Sem kunnugt er greiðir ríkissjóður nú $\frac{1}{4}$ en Atvinnuleysistryggingasjóður $\frac{3}{4}$ af kostnaði við framkvæmd laga nr. 63/1971, sem áætlaður er skv. gildandi reglum 208 m.kr. árið 1976. Viðbótarkostnaður vegna fyrrgreinds samkomulags er áætlaður ámóta fjárhæð.

Til þess að hækkun eftirlauna skv. þessu samkomulagi hafi ekki í för með sér teljandi lækkun lífeyrisgreiðslna frá almannatryggingum er með þessu frumvarpi lagt til, að fjárhæð þeirra tekna, sem lífeyrisþegum er frjálst að hafa án þess að til skerðingar á tekjutryggingaruppbót á lífeyri almannatrygginga komi, verði hækkuð verulega eða úr 46 380 kr. í 120 000 kr. á ári fyrir einstaklinga og úr 83 460 kr. í 168 000 kr. á ári fyrir hjón. Af framkvæmdarástæðum er talið rétt, að þessi breyting taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1976, er lokið er árlegri endurskoðun á tekiutryggingarréttindum lífeyrisþega, enda skerðir það í engu lífeyrisrétt þeirra, sem nióta eftirlauna samkvæmt lögnum nr. 63/1971 og sérstakrar hækkunar úr lífeyrissjóðum frá áramótum 1975/1976 skv. samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda að mati Umsiðarnefndar eftirlauna og Tryggingastofnunar ríkisins. Við ákvörðun um hækkun hins friðsala tekjumarks lífeyrisþega hefur þótt rétt að hækkunin yrði almenn og næði til allra lífeyrisþega, en yrði ekki einskorðuð við aldraða eftirlaunaþega í stéttarfélögum, er nyttu verðtryggingar eftirlauna eins og að ofan greinir, og væri þannig ekki gert upp á milli eigin tekna af atvinnu, eignum eða lífeyrissjóðsgreiðslum. Einkum af þessum ástæðum hefur breyting þessi í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, en áætlað er að útgjöld vegna breytingarinnar nemi um 200—250 m.kr. á heilu ári.

Með þessu frumvarpi er jafnframt lagt til í 2. mgr. 2. gr. að hið frjálsta tekjumark lífeyrisþega geti tekið sömu hlutfallsbreytingum og bótafjárhæðir almannatrygginga í samræmi við almennar kauplagsbreytingar, þannig að eigin tekjur lífeyrisþega af atvinnu, eignum eða úr lífeyrissjóðum geti breyst í hátt við almennar launabreytingar án þess að það valdi aukinni skerðingu tekjutryggingaruppbótar.